

Viðhorfskönnun

Undanfarna daga hafa félagar og starfsmenn klúbbsins unnið að gerð könnunar til að meta árangur af starfi klúbbsins. Könnunin fylgir með Litla Hver. Hún á að gefa upplýsingar um hverju starfsemin hefur skilað og hvað mætti betur fara. Við hvetjum félagsmenn til að taka þátt í könnuninni svo að hún gefi sem áreiðanlegastar niðurstöður. Til að taka þátt þarf að svara spurningunum, setja í umslag og koma þeim á skrifstofu klúbbsins eða setja hana í póst.

Innflutningshóf

Til stendur að halda veglegt innflutningshóf. Ef félagar klúbbsins luma á einhverjum góðum hugmyndum hvetjum við þá að koma þeim á framfæri. Við þurfum á kröftum allra að halda til að gera hófið sem veglegast. Áætlað er að halda hófið í byrjun október. Til stendur að bjóða aðstandendum og velunnurum klúbbsins í. Dagskráin verður auglýst nánar í næsta tbl.Litla Hvers.

Framundan í september

Fimmtudaginn 4. september verður opið hús til kl. 21.00 í Klúbbnum Geysi. Einar Þór sýnir myndir úr klúbbhúsum í Bandaríkjunum sem hann heimsótti í sumar.

☞

Þriðjudaginn 9. september á Klúbburinn Geysir fjögurra ára afmæli. Af því tilefni verða kökur og kaffi á boðstólnum milli kl.14:00 og 16:00. Við hvetjum alla félaga til að mæta. Gaman væri að sjá félaga sem við höfum ekki séð lengi.

☞

Laugardaginn 13. september verður gengið á Keili. Við hittumst í klúbbnum kl.13:00 og leggjum af stað þaðan á bílum.

☞

Fimmtudaginn 18. september ætlum við að hittast á Kaffi List kl. 20:00. Við hvetjum félaga að koma með góða skapið með sér og hittast þar kl.20 um kvöldið.

☞

Miðvikudagurinn 24. september ætlar hjólreiðaklúbburinn Sprettur að fara í léttan hjólreiðatúr. Mæting er kl. 16.00 í klúbbnum.

Klúbburinn Geysir er opin alla virka daga frá kl. 09.00 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00.
Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar er opið til kl. 21.00

9. tölublað september 2003



KLÚBBURINN GEYSIR

BYGGT Á OG REKIÐ SAMKVÆMT ALÞJÓÐLEGRI
HUGMYNDAFRÆÐI FOUNTAIN HOUSE

Litli Hver



Stöðugt fjölgar félögum í Klúbbnum Geysi og nú síðast bættist þessi köttur í hópinn. Hann fór rակleitt inn á skrifstofu, settist í hásæti fyrir framan tölvuna og vakti það mikla aðdáun viðstaddra.

Klúbburinn Geysir, Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími 551-5166
Tölvupóstur: geysir@heimsnet.is www.kgeysir.is

Ráðstefna og þjálfun

Mikil vinna hefur staðið yfir vegna þjálfunar- og ráðstefnuferðar félaga og starfsmanna til Bandaríkjana. Þar sem þessar ferðir eru mjög kostnaðarsamar sóttum við um styrki til að létta undir með okkur. Vel var tekið í styrkbeiðnir af flestum þeirra og viljum við þakka sérstaklega Pokasjóði, Delta hf. NM Pharma, Samtökum um vinnu og verkþjálfun og Félagsmálaráðuneytinu fyrir hlýhug í okkar garð. Nokkrir félagar gáfu kost á sér og úr þeirra hópi voru valdir tveir félagar, Óðinn og Jónína. Óðinn fer ásamt Benedikt í þjálfunina og Jónína fer á Alþjóðaráðstefnu ICCD í Minneapolis ásamt Kristínu Björgu og Önnu. Það er okkur í Geysi einnig mikið gleðiefni að Stefánía sem er félagi í Klúbbnum Stróki á Suðurlandi fer með á ráðstefnuna. Við vonumst til að þetta muni efla starfsemi klúbbanna beggja í framtíðinni. Við hvetjum félagar okkar sem heima verða að halda ótrauð áfram starfseminni á meðan félagar og starfsmenn eru erlendis.

Millilendingar erlendra félaga

Von er á erlendum gestum í heimsókn næstu mánuðum. Fyrsti hópurinn kemur frá klúbbhúsi í Stokkhólmi en hann mun millilenda á Íslandi eftir alþjóðaráðstefnuna í október. Stuttu síðar koma tveir félagar úr sama klúbbi einnig í



Svana skellti sér í bátsferð á Reynisvatni þegar Geysisfélagar fóru þangað í grillferð fyrstu vikuna í ágúst.

Vetrarstarfið

Nú er sumarið senn á enda og við taka verkefni vetrarins. Félagar og starfsmenn eru komnir úr sumarfrí og öll starfsemi farin að komast í fastar skorður. Skólastarfið er hafið hjá þeim sem stunda nám. Við hvetjum þá félagar sem eru í námi að nýta sér aðstöðuna í klúbbnum til heimanáms. Sú hugmynd kom upp hjá einum félagar klúbbsins að kanna viðhorf félaga til íþróttaiðkunar. Við hvetjum félagar til að skrá sig í þær íþróttir sem þeir hafa áhuga á. Listinn hangir uppi í móttökunni.

heimsókn. Um miðjan nóvember kemur hópur frá Enggården klúbbnum í Danmörku. Þetta er hópur félaga og starfsmanna sem millilendir hér eftir að hafa verið í þjálfun í Genesis Club í Bandaríkjunum.

Tölvunámskeið

Ákveðið hefur verið að halda námskeið í tölvugrunni í september. Skipt verður í tvo hópa annars vegar verður námskeið fyrir byrjendur og hins vegar fyrir þá sem einhverja þekkingu hafa á tölvum, vonumst við til að sem flestir skrái sig á námskeiðin. Námskeiðin hefjast 1. september og líkur 10. október. Byrjendanámskeiðið verður á mánudögum og fimmtudögum. Kennt verður frá kl.14.30 til 16.00. Námskeiðið fyrir lengra komna verður á miðvikudögum frá kl.14.30 til 16.00. Kennarar verða Sigurður Andri, Kristín Björg og Anna. Þátttökugjald er 1000 kr.

Húsfundir!

Húsfundir eru haldnir tvisvar í viku, mánudaga kl. 09.30 og miðvikudaga kl. 13.00. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.

Allir að mæta!!!

**Góðir félagar!!
Munum eftir að taka þátt í
viðhorfskönnuninni sem
fylgir þessu tbl. Litla Hvers.
Gangi ykkur vel.**



Afmæli Kristínar

Kristín Björg hinn ágæti starfsmaður okkar átti afmæli á dögum og henni var haldið dulítið hóf. Á myndinni hér fyrir ofan tekur hún við heillaóskum á afmælisdaginn frá félögum.

Uppskera



Nú er sá tími kominn að matjurtir þær sem við gróðursettum fyrr í sumar eru orðnar nógu þroskaðar. Nú þegar höfum við fengið að bragða á grænmetinu úr garðinum og smakkaðist það ljómandi vel. Enn á eftir að taka upp karftöflur og bíðum við spennu eftir að sjá hvað undir grösunum leynist.